

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 29. júlí 2019  
UST201907-151/B.S.  
10.05.04

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hitaveitulagnir - Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð. Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða endurnýjum hitaveitulagnar frá Deildartunguhver að Akraneskaupstað. Eldri lög sem er úr asbesti og liggur ofanjarðar verður fjarlægð og asbestinu fargað á viðeigandi stöðum. Í staðinn verða grafin niður einangruð stálrör við hlið eldri lagnar. Í greinargerð kemur fram að með þessari framkvæmd muni ásýnd svæðisins batna þar sem asbestlögnin er hulin grasivöxnum hrygg sem er nokkuð áberandi.

Lagnaleiðin liggur að mestur leyti meðfram þjóðvegum á svæðum sem þegar hefur verið raskað. Á einum stað liggur lögnin um svæði á náttúruminjaskrá, Hafnarskóg þar sem ný lögn mun liggja á sama stað og eldri lögn, þ.e. um land þar sem kjarr er gisið. Bent skal á að leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi til framkvæmda er gefið úr. Einnig liggur lögnin um Andakíl sem er friðlýst svæði. Um svæðið gilda reglur sem birtar voru í auglýsingu nr 338 dags. 2. febrúar 2011, en þar segir m.a. í 8. gr.: „Leyfi Umhverfisstofnunar og Borgarbyggðar þarf til framkvæmda á hinu friðlýsta svæði þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.“

Umhverfisstofnun telur að þar sem framkvæmdin er að mestu á röskuðum svæðum bæði vegna ýmissa framkvæmda og landbúnaðar og er nærri öðrum mannvirkjum, kemur í stað mannvirkis sem er nokkuð áberandi og gerð úr hættulegu efni munu líklegustu áhrif framkvæmdarinnar verða neikvæð sjónræn áhrif meðan framkvæmdasvæðið er að gróa upp og að því loknu ættu ummerkin að verða óveruleg. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri